

**Nd.**

## **20. Frumvarp til laga**

um viðauka við lög nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur.

(Lagt fyrir Alþingi 1941.)

### **1. gr.**

Ákvæði 1. gr. laga nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur, skulu gilda meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri.

### **2. gr**

Lífeyrissjóður Íslands skal meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri greiða 30% af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkvæmt 2. tölulíð 80. gr. laga nr. 74 frá 31. desember 1937, um alþýðutryggingar. Ríkissjóður endurgreiðir Lífeyrissjóði Íslands þann hluta af upphæðinni, sem er umfram  $\frac{3}{4}$  hluta af tillagi sjóðsins samkvæmt 79. gr. téðra laga.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um frumvarp þetta, sem er lagt fyrir Alþingi samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins hér á eftir.

### Fylgiskjal.

**Bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur.**

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Ákvæði laga nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur, gilda aðeins fyrir árið 1940. Hinsvegar er augljóst, að dýrtíð fer vaxandi í landinu og því nauðsynlegt, að samskonar uppbætur og um ræðir í téðum lögum verði veittar framvegis. Úthlutun á ellilaunum og örorkubótum fer fram í byrjun októbermánaðar, og er sveitarstjórnnum nauðsynlegt fyrir þann tíma að vita um hvers framlags sveitarsjóðir megi vænta frá Lífeyrissjóði Íslands.

Með því að ráðuneytið fellst á það álit félagsmálaráðherrans, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur ráðuneytið rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

### **1. gr.**

Ákvæði 1. gr. laga nr. 73 7. maí 1940, um hækkun slysabóta og uppbót á ellilaun og örorkubætur, skulu gilda meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri.

### **2. gr.**

Lífeyrissjóður Íslands skal meðan vísitala kauplagsnefndar er 110 eða hærri greiða 30% af heildarupphæð ellilauna og örorkubóta samkvæmt 2. tölulíð 80. gr. laga nr. 74 frá 31. desember 1937, um alþýðutryggingar. Ríkissjóður endurgreiðir Lífeyrissjóði Íslands þann hluta af upphæðinni, sem er umfram  $\frac{3}{4}$  hluta af tillagi sjóðsins samkvæmt 79. gr. téðra laga.

### **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. ágúst 1940.

**Hermann Jónasson. Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.**  
**Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.**

---

Stefán Jóh. Stefánsson.